



Reykjavík, 22. júní 2017

Um leið og Þjóðleikhúsið þakkar frábæra samvinnu og viðtökur vegna farar okkar með leiksýningu fyrir börn á landsbyggðina síðastliðið haust, þegar sýnt var um 30 sinnum á yfir 20 stöðum fyrir rúmlega 3000 gesti, þá óska ég eftir áframhaldandi samvinnu.

Í októbermánuði mun Þjóðleikhúsið frumsýna nýtt íslenskt leikrit sem sérstaklega er miðað að börnum sem eru 9-13 ára (miðstig grunnskólans) þó verkið muni auðvitað eiga erindi við aðra aldurshópa. Verkið heitir **Oddur og Siggí** og eru leikarar Oddur Júlíusson og Sigurður Þór Óskarsson en leikstjóri Björn Ingi Hilmarsson. Þjóðleikhúsið mun bjóða inn á sýninguna enda er mikilvægt að ungt fólk geti notið lista án aðgreiningar vegna fjárhags og búsetu. Verkið fjallar um samskipti og einelti á persónulegan og einlægan hátt. Með þessu vill Þjóðleikhúsið leggja sitt af mörkum til að kynna börnum heim leikhússins, því leikhúsferðir geta veitt ungum sem öldnum mikla gleði, örvað þroska og eflt hæfileika til að takast á við lífið og tilfinningar okkar.

Áætlun okkar gerir ráð fyrir frumsýningu á Ísafirði 3. október og að sýnt verði þá viku á Vestfjörðum, þá næstu á Norðurlandi og vikuna þar á eftir fyrir austan. Sýningar á Reykjanesi, Snæfellsnesi og Suðurlandi eru svo ráðgerðar í mars.

Það sem við erum að biðja um frá ykkur er tvennt:

- a) Að útvega sýningarrými, það rými þarf að vera hægt myrkva og þar þarf að vera minnsta kosti 4 rafmagnstenglar fyrir 220 volta rafmagn og lofthæð að minnsta kosti 3 metrar. Leikrými (leikmynd + svið) þarf að vera minnst 6x4 metrar og síðan þarf að vera pláss fyrir áhorfendur. Við þurfum 1 dag í undirbúning og uppsetningu og svo sýningardaga, en fjöldi þeirra veltur á fjölda barna sem sýna á fyrir.
- b) Gistingu fyrir 3 einstaklinga þann tíma sem uppsetning og sýningar koma til með að taka.

Mín von er að með þessari sýningu sé Þjóðleikhúsið meira þjóðleikhús í því að sinna landsbyggðinni betur og við munum að sjálfsögðu gera okkar til þess að gagnrýnendur og fjölmiðlar mæti og segi frá viðburðinum.

Ari Matthíasson, þjóðleikhússtjóri